

Nd.

223. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 60, 7. maí 1928, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabréfa.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Fyrir „allt að 10 milljónum króna“ i upphafi 1. gr. komi: allt að 14 milljónum króna.

2. gr.

Síðasta málsgrein 6. greinar, „Ennfremur lögum“, falli burt.

Greinargerð.

Samhljóða frv. flutti fjárhagsn. Nd. á síðasta þingi. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Samkvæmt lögum nr. 60, 7. maí 1928, hafa starfað tveir veðdeildarflokkar, 8. og 9. flokkur. Útlánnum úr 8. flokki, sem námu um 4 millj. kr., var lokið 3. febrúar 1930. 9. flokkur, sem nú er starfandi, er einnig 4 millj. kr., og er nú eftir af honum tæp 1½ millj. kr. Má gera ráð fyrir, að þeim flokki verði lokið á þessu ári. Heimild sú, er veitt var veðdeildinni með lögnum frá 1928, var 10 millj. kr., og eru þá eftir ónotaðar 2 millj. kr. Samkvæmt reynslu þeirri, er fengizt hefir á undanförunum árum, þá er það of litil fjárhæð fyrir sérstakan flokk, og er því i frumvarpi þessu farið fram á viðbótarheimild, þannig að flokkurinn geti numið 6 millj. kr. Má gera ráð fyrir, að 6 millj. kr. flokkur muni nægja allt að tveimur árum, og getur það eigi talizt of langur tími, enda má og taka tillit til þess, að stofnkostnaður er tiltölulega meiri við litla flokka.

Ástæðan til þess, að lagt er til að felld sé burt heimildin i 6. gr. til þess að veðdeildin veiti lán bæjar-, sýslu- og sveitarfélögum, er sú, að lán þessi, sem eru annars eðlis en önnur lán veðdeildarinnar, rýra solumöguleika bréfanna erlendis. Ef veðdeildin lánar aðeins út á hreinan 1. veðrétt i auðseljanlegum fasteignum, verða veðdeildarbréfin samhærileg við samskonar erlend verðbréf, og mundi það greiða fyrir sölu þeirra erlendis.

Frv. er flutt að ósk bankaráðs og bankastjórnar Landsbankans.